

187. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í Miðjunni, Dalbraut 4, þriðjudaginn 6. september 2022 og hófst hann kl. 16:00.

Fundinn sátu:

Kristinn Hallur Sveinsson formaður, Einar Brandsson varaformaður, Aníta Eir Einarsdóttir aðalmaður, Sveinborg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri og Hrefna Rún Ákadóttir félagsmálastjóri.

Fundargerð ritaði: Sveinborg Kristjánsdóttir, félagsmálastjóri.

Fyrir tekið:

1. 2110054 - Samþætting þjónustu í þágu farsældar barna

Kynning á lögum um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna.

Velferðar- og mannréttindaráð þakkar Sólveigu Sigurðardóttur verkefnastjóra samþættrar þjónustu og barnvæns sveitarfélags fyrir góða kynningu.

2. 2208188 - Farsældarteymi

Kynning á farsældarteymi Akraneskaupstaðar.

Velferðar- og mannréttindaráð þakkar Sólveigu Sigurðardóttur verkefnastjóra samþættrar þjónustu og barnvæns sveitarfélags fyrir góða kynningu. Ráðið fagnar þeim árangri sem þegar hefur náðst í verkefninu.

3. 2208151 - Farsæld barna - skipulagt og farsælt frístundastarf fyrir alla

Kynning á tillögu á þróunarverkefni sem er um samþætta þjónustu í frístundum barna og ungmenna.

Velferðar- og mannréttindaráð þakkar Sólveigu Sigurðardóttur verkefnastjóra samþættrar þjónustu og barnvæns sveitarfélags, Heiðrúnu Janusardóttur verkefnastjóra æskulýðs- og forvarnarmála og Báru Daðadóttur málstjóra fyrir góða kynningu.

Velferðar- og mannréttindaráð leggur til að haldið verði áfram að þróa verkefnið á forsendum hluta styrks til stuðnings- og stöðþjónustu frá SSV og jafnvel styrkja frá fleiri aðilum.

Velferðar- og mannréttindaráð óskar eftir að málið komi aftur á dagskrá ráðsins þegar frekari upplýsingar liggja fyrir um styrkveitingar og nánari tillögu á útfærslu verkefnisins.

4. 2203074 - Móttaka flóttafólks

Á fundi bæjarstjórn Akraneskaupstaðar þann 8. mars 2022 lýsti bæjarstjórn sig reiðubúna til að taka á móti flóttafólks frá Úkraínu. Í kjölfarið samþykkti bæjarráð tímabundna ráðningu málstjóra til sex mánaða vegna móttöku flóttafólks. Greinargerð um stöðu verkefnisins liggur nú fyrir.

Greinargerð um móttöku flóttfólks frá Úkraínu og stöðu verkefnisins kynnt.

5. 2209025 - Umdæmisráð barnaverndarþjónustu Akraneskaupstaðar

Samningur um umdæmisráð barnaverndarþjónustu á landsbyggðinni.

Velferðar- og mannréttindaráð samþykkir að sækja um aðild að umdæmisráði barnaverndar á landsbyggðinni. Málinu vísað til endanlegrar afgreiðslu í bæjarráði

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:00.